



Nefndasvið Alþingis


Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 3. apríl 2018
1803014 JFK

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 (höfðun faðernismáls), 238. mál

Jafnréttisstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Jafnréttisstofa fagnar tillöggunni og telur að hún stuðli að auknu jafnrétti kynjanna. Þá er takmörkun á málshöfðunarrétti karlmanns sem telur sig föður barns, ekki í samræmi við þá meginreglu að aðilar skuli hafa rétt til að bera mál sín undir dómstóla. Þá bendir Jafnréttisstofa á 7. gr. sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins sem kveður á um að aðildarríki eigi að tryggja eftir því sem unnt er rétt barnsins til að þekkja báða foreldra sína.

Jafnréttisstofa styður að frumvarpið verði samþykkt.



Jón Fannar Kolbeinsson

lögfræðingur Jafnréttisstofu